

Fundargerð

Byggðaráð Langesbyggðar kom saman til fundar í fundarstofu Langesbyggðar að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn, þriðjudaginn 4. nóvember kl. 12:00.

Mættir: Þórir Jónsson, formaður, Hilma Steinarsdóttir og Siggeir Stefánsson.
Einnig sátu fundinn Þeir Björn Ingimarsson, sveitarstjóri og Björn Guðmundur Björnsson, fulltrúi sveitarstjóra.

Dagskrá.

1. Mál. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hafnarnefnd, 23.10.08.

Byggðaráð Langesbyggðar styður þá niðurstöðu hafnarnefndar að veita Drekasvæði ehf vilyrði fyrir lóð á hafnarsvæði þórshafnarhafnar. Fundargerð samþykkt samhljóða.

- Atvinnumálanefnd, 27.10.08. Fundargerð samþykkt samhljóða.
- Umhverfis-,skipulags- og bygginganefnd, 29.10.08. Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Mál. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Eyþing – stjórnarfundur, 15.10.08. Lögð fram.
- Samráðsfundur sveitarfélaga um efnahagsvandann, 17.10.08. Lögð fram.
- Héraðsnefnd Þingeyinga, 27.10.08. Lögð fram.

3. Mál. Staða framkvæmda.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála.

Hafnarframkvæmdir - Verktaka seinkar enn vegna ófyrirsjáanlega tafa á Bolungavík, ekki útlit fyrir að verktaki komi á staðinn í þessari viku.

Gatnagerð – Unnið er við jarðvegsskipti og lagnir. Tveir fundir hafa verið haldnir og verður verkáætlun lögð fram í vikunni. Gengið verður frá töku þess hluta lánsfjár sem tekið verður fyrir áramót í næstu viku
Vatnsóflun á hafnarsvæði – Von er á tillögum frá verkfræðistofunni Stoð á næstunni ásamt kostnaðaráætlun í framhaldi af því verður mögulegt að taka frekari ákvarðanir varðandi framgang málsins.

Grunnskólinn á Þórshöfn – Verktaki gerir sér vonir um að komast í endurbætur á þaki elsta hluta á næstu dögum.

4. Mál. Innsend erindi.

Til kynningar.

- Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi – minnisblað um verkefni á vegum MFN lagt fram til kynningar.
- Vegagerðin – Undirskriftarlisti vegna Brekknaheiði. Lagt fram til kynningar bréf frá Vegagerðinni dags. 10.10.08. Þar sem staðfest er móttaka undirskriftarlista vegna veggirðingar um Brekknaheiði. Áskorun mun verða tekin til afgreiðslu við endurskoðun vegaáætlunar á komandi vetri.
- Fjármálaráðstefna sveitarfélaga – Dagskrá – Lögð fram.

Til afgreiðslu.

- Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi þjónustusamningur –Uppkast. Samþykkt að vísa erindinu til hreppsnefndar í samræmi við bókun atvinnumálanefndar, 27.10.08. Bygðaráð tekur undir bókun atvinnumálanefndar.
- Héraðsnefnd Þingeyinga – Tilnefning fulltrúa og fjárhagsáætlun 2009. Samþykkt að vísa fjárhagsáætlun héraðsnefndar til vinnu í tengslum við fjárhagskáætlun Langanesbyggðar fyrir 2009. Samþykkt að vísa ákvörðun v/ tilnefningar fulltrúa í Héraðsnefnd til hreppsnefndar.
- Erindi frá sólbaðstofu á Þórshöfn. Bygðaráð lítur það jákvæðum augum að einkaaðili fari út í rekstur sólbaðsstofu á Þórshöfn. Sveitarstjóra falið að ræða við aðila m.a. varðandi mögulega nýtingu á núverandi aðstöðu í íþróttahúsinu

5. Mál. Önnur mál.

- Úthlutun íbúða.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að bæði kristbjörg Nielsdóttir og Andrea Björk Sigurvinsdóttir hefðu fallið frá umsóknum um leiguíbúðir (sjá afgr. Bygðar. 15.09.08) samþykkt var sú ráðstöfun sveitarstjóra að úthluta Ko-Leen Berman Pálmholti 3 og Axel Gunnarssyni Pálmholti 5.

- Reglur um hundahald í leiguíbúðum Langanesbyggðar.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að nýjum leigjanda hafi verið veitt undanþága frá gildandi reglum vegna vottorðs læknis er mælti með slíku . Bygðaráð samþykkir veitta undanþágu. Nokkrar umræður spunnust um reglur varðandi gæludýr almennt og var samþykkt að taka reglur um hundahald í leigibúðum hreppsins til endurskoðunar og beina því til USB nefndar að vinna tillögu að reglum um kattahald í sveitarfélaginu.

- Verslunarmál á Bakkafirði.

Sveitarstjóri lagði fram yfirlit um nauðsynlegar lagfæringar í verslunarhúsnæði á Bakkafirði sveitarstjóri gerði það að tillögu sinni að auglýst yrði eftir nýjum rekstraraðila að verslun í húsnæði sveitarfélagsins þar. Samþykkt samhljóða.

- Starfamannamál. (Björn Guðmundur Björnsson vék af fundi undir þessum lið).

Sveitarstjóri lagði fram til kynningar ráðningarsamning BGB sem er tímabundinn til ársins 2010, sveitarstjóri gerði það að tillögu sinni að ákvæði um tímabundna ráðningu verði felld niður þar sem fyrirsjáanlegt væri að full þörf væri fyrir stöðuna innan stjórnáætlunar sveitarfélagsins til frambúðar. Samþykkt samhljóða.

- Sparisjóðsmál.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundum sem hann hefur átt með stjórnarformanni og framkvæmdastjóra í framhaldi af ályktun Bygðaráðs dags. 07.10.08.

- Samgöngumál .

Í ljósi fregna af fyrirhuguðum niðurskurði í framkvæmdum við nauðsynlegar samgöngubætur á landsbyggðinni t.d. með frestun Vaðlaheiðargangna og tengivegar af hringvegi í Vopnafjörð, með

vísan til erfiðs efnahagsástands, vill Byggðaráð Langanesbyggðar vekja athygli stjórnvalda á því að með þessu er verið að höggva þar sem sist skildi.

Það að falla frá löngu tímabærum framkvæmdum á svæðum sem hafa þurft að lifa við efnahagslegan samdrátt á umliðnum árum geta vart talist eðlileg viðbrögð sem mótvægi við samdrætti á svæðum sem hafa lifað við ofurþenslu á sama tíma.

Á þeim tímum sem nú fara í hönd skiptir sköpum fyrir þjóðarbúið að hjól atvinnulífsins á landsbyggðinni nái að snúast með eðlilegum og auknum krafti. Stuðla þarf að því að framleiðslufyrirtæki í sjávarbyggðum, sem eru til þess fallin að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar, njóti eins góðra aðstæðna og mögulegt er. Liður í því er að efla samgöngukerfið og flýta frekar en að seinka þeim samgöngubótum sem eru til þess fallnar.

Byggðaráð Langanesbyggðar hvetur því stjórnvöld til að endurskoða ákvarðanir varðandi frestun framkvæmda er lúta að styrkingu samgöngunetsins.

Sveitarstjóra falið að koma framangreindu á framfæri við ríkisstjórn, þingmenn NA-kjördæmis, nágrennasveitarfélög og fjölmiðla.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.53.

Björn Ingimarsson, ritari.